

Föstudaginn 10. maí 1957.

Nr. 78/1957. **Jón Björnsson f. h. Sólrúnar Jónsdóttur**
 gegn
Þórði Teitssyni.

Dóme ndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Lindal.

Úrskurður um frest, er var að renna út, kærður. Frávisun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð, en með honum var varnaraðilja veittur frestur í aðalmálinu til 23. apríl s.l. Þann sama dag kærði sóknaraðili úrskurðinn með bréfi til héraðsdómara og krafðist þess, að úrskurðurinn yrði úr gildi felldur og að synjað yrði um frestinn. Þar sem frestur varnaraðilja var að lokum kominn, er sóknaraðili bar fram kæru sína, þykir úrlausn um framangreindar kröfur eigi varða hagsmuni hans að lögum. Verður kærumáli þessu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum og kröfu varnaraðilja ber að dæma honum úr hendi sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 700.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Jón Björnsson f. h. Sólrúnar Jónsdóttur, greiði varnaraðilja, Þórði Teitssyni, kærumálskostnað, kr. 700.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður

fégetadóms Reykjavíkur 17. apríl 1957.

Í máli þessu hefur gjörðarbeiðandi, Jón Björnsson f. h. Sólrúnar Jónsdóttur, Norðurgötu 11, Siglufirði, krafizt þess, að lagt verði löghald á eignir gjörðarþola, Þórðar Teitssonar, Kvisthaga 27 hér í bænum, til tryggingar skuld, að fjárhæð kr. 7.500.00,

auk alls kostnaðar við löghald og eftirfarandi staðfestingarmál, eða gjörðarþoli, sem nú sé að flytjast af landi brott, verði sjálfur kyrrsettur, ef eignir hans reynist ekki nægilegar til tryggingar skuldinni.

Beiðni um gjörð þessa barst réttinum 12. apríl s. l., og var hún tekin fyrir strax næsta dag. Gjörðarþoli hafði uppi mótmæli gegn framgangi hennar, og fékk gjörðarbeiðandi frest til að leggja fram greinargerð af sinni hálfu til 16. apríl s. l. Í réttarhaldi 16. apríl óskaði gjörðarþoli eftir fresti til greinargerðar til þriðjudagsins 23. apríl n. k., en gjörðarbeiðandi neitaði að samþykkja þann frest. Var ágreiningur þessi tekinn til úrskurðar.

Eftir því sem fyrir liggur, virðast þau gjörðarbeiðandi, Sólrún Jónsdóttir, og gjörðarþoli, Þórður Teitsson, hafa gert með sér samning þess efnis, að gjörðarbeiðandi gerðist þjónustustúlka á heimili gjörðarþola, en hann mun hafa í hyggju að flytja af landi brott innan skamms. Gjörðarbeiðandi telur, að gjörðarþoli hafi riftað samningi þessum, og er krafa hennar í málinu af því sprottin. Gjörðarþoli mótmælir því hins vegar, að hann hafi riftað samningnum.

Lítið er upplýst um efni nefnds samnings, og sýnist aðiljum ekki koma saman um, hvert það hafi verið í einstökum atriðum.

Ekki verður talið, eins og á stendur, að hjá því verði komizt að veita gjörðarþola frest til framlagningar greinargerðar, einnig með tilliti til þess, að gjörðarbeiðandi fékk sjálfur frest í sama skyni, enda þótt hann léti undir höfuð leggjast að nota hann.

Fresturinn þykir hæfilega ákveðinn til þriðjudagsins 23. apríl n. k.

Því úrskurðast:

Gjörðarþoli fær frest til að leggja fram greinargerð í málinu til þriðjudagsins 23. apríl n. k.
